

**Nd.**

**181. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 19, 4. nóvember 1887, um aðför.

Frá landbúnaðarnefnd.

27. gr. laganna orðist svo:

Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt, er þau mega ekki án vera.

Nú á skuldunautur fyrir heimili að sjá, og á hann þá rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, er nema að virðingarverði allt að 500 kr., og auk þess allt að 100 kr. fyrir hvert barn, sem er á skylduframfæri hans.

Ef skuldunautur á ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi 100 kr. að virðingarverði og fyrir börn eins og segir í 2. málsg.

Skuldunautur ræður sjálfur, hvað undanþegið skal vera fjárnámi. Ef hann er ekki sjálfur viðstaddur fjárnámið, skal fógeti fela öðrum að kveða á um þetta, ef skuldunautur hefir ekki falið það öðrum.

Rétt þann, sem ræðir um í 2. og 3. málsg. á skuldunautur þó ekki, þegar aðför er gerð fyrir sköttum eða opinberum gjöldum. Ekki má heldur undanskilja fjárnámi þá hluti, sem veðsettir eru fyrir þeirri skuld, sem fjárnámi er heimt.

#### Greinargerð.

Í gildandi lögum er svo ákveðið, að skuldunautur megi undanskilja fjárnámi nauðsynjar, er nema 20 kr., ef sá á í hlut, sem ekki á fyrir heimili að sjá, en ella 120 kr. Þessi ákvæði voru sett í lög 1887 og síðan hefir verðgildi peninga stórum breytt. Á þeim tíma var, eftir gildandi verðlagi, miklu meira undanþegið fjárnámi en nú. Að þessu athuguðu þykir rétt að hækka þá fjárhæð, sem hér er um að ræða, og sýnist það ekki mega minna vera en hér er gert ráð fyrir.

Búnaðarþing það, sem nýlokið er, hreyfði þessu máli, og varð það til þess, að nefndin flytur þetta frv.